

20. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 og lögum um stjórn og starfrákslu póst- og símamála nr. 36/1977 staðfestist hér með til að taka gildi 15. desember 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. nóvember 1992.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

24. nóvember 1992

Nr. 420

SAMPYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Vestmannaeyja og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 196/1988.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 49/1990 um breytingu á þeim lögum.
2. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
Hverfiskjörstjórnir jafnmargar og kjörstaðir eru: Þrjú aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum.

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Áfengisvarnarnefnd*. Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
3. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Auk þess situr félagsmálastjóri fundi þess. Eigi færri en tveir ráðsmenn skulu vera bæjarfulltrúar.
Félagsmálaráð hefur með höndum framkvæmd félagsmálastarfs kaupstaðarins.
Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 53/1966, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991 og verkefni leikskólanefndar skv. 5. gr. laga nr. 48/1991, sbr. og 33. gr. laga nr. 40/1991.
Félagsmálaráð skal kveðja 4 menn til starfa í þjónustuhópi aldraðra, sbr. 2. tl. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, sbr. 7. gr. sömu laga. Þjónustuhópur aldraðra skal fara með hlutverk öldrunarnefndar, sbr. 6. gr. ofannefndra laga.
Einnig fer félagsmálaráð með þau mál sem fjallað er um í lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga að svo miklu leyti sem öðrum nefndum eru ekki falin þau verkefni skv. sérlögum, s.s. áfengisvarnarnefnd, húsaleigunefnd og húsnæðisnefnd.

4. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Byggingafulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar.
Byggingarnefnd fer jafnframt með skipulagsmál, sbr. 7. gr. fyrrnefndra laga. Þegar fjallað er um ferlimál fatlaðra skal kalla til áheyrnarfulltrúa frá samtökum þeirra.
 5. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984. Eigi færri en tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Hafnarstjórn starfar samkvæmt ákvæðum hafnalaga nr. 69/1984 svo og hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 377/1985.
 6. *Heilbrigðis-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin hefur á hendi heilbrigðismál, náttúruvernd og umhverfismál þar með talin útivistarsvæði og fólkvanga ef stofnaðir eru. Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fundi nefndarinnar. Starfssvið nefndarinnar markast m.a. af ákvæðum 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971, sbr. 62. gr. laga nr. 108/1988.
 7. *Húsaleigunefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
 8. *Kjörstjórnir* við sveitarstjórnarkosningar. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
Kjörstjórn (yfirkjörstjórn).
Hverfiskjörstjórn. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Hverfiskjörstjórnir geta verið jafnmargar og kjörstaðir.
 9. *Skólanefnd* grunnskóla. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 18.-19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
 10. *Húsnæðisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum.
 11. *Fulltrúaráð* Brunabótafélags Íslands. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
 12. *Fulltrúaráð* Sambands ísl. sveitarfélaga. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara skv. lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 13. *Stjórn* sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
 14. *Landnytjanefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Skulu tveir aðalmenn og jafnmargir varamenn kosnir úr hópi búfjáreigenda og/eða veiðiréttarhafa, en hinir úr hópi bæjarfulltrúa.
Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um ráðstöfun landnytja svo sem um leigu beutilands og garðlanda, úthlutun veiðileyfa, svo og um veitingu leyfa til búfjárhalds. Hún skal einnig sjá um fjallskil og fóðurgæslu.
Landnytjanefnd fer einnig með hlutverk gróðurverndarnefndar samkvæmt 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.
Formaður nefndarinnar gegnir starfi búfjárefnirlitsmanns skv. lögum nr. 46/1991 um búfjárhald.
 15. *Skólanefnd* framhaldsskóla. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 57/1988 um framhaldsskóla, sbr. 4. gr. laga nr. 72/1989.
- C. Til **eins árs**. Á fundi í júnímánuði ár hvert.
16. *Skólanefnd* tónlistarskóla. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, sbr. lög nr. 87/1989 um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

17. *Stjórn sparisjóðs*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 34/1989, og samþykktum Sparisjóðs Vestmannaeyja frá 3. desember 1942 með áorðnum breytingum.
18. *Menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978. Eigi færri en tveir nefndarmenn skulu vera bæjarfulltrúar.
Menningarmálanefnd fer með stjórn safna bæjarins og aðra þá þætti er varða menningarmál á vegum bæjarsjóðs.
19. *Stjórn Bæjarveitna*. Fjórir aðalmenn og fjórir til vara auk bæjarstjóra. Ekki færri en tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar. Stjórn Bæjarveitna fer með framkvæmdastjórn raforkumála, vatnsveitumála og Fjarhitunar, sbr. reglugerð nr. 241/1990.
20. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
21. *Umferðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
22. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Eigi færri en tveir þeirra skulu vera bæjarfulltrúar. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum, sérstaklega er varða nýjar atvinnugreinar.
Nefndin fer ennfremur með málaflökkinn ferðamál.
23. *Starfskjaranefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndarmenn skulu vera aðalfulltrúar í bæjarstjórn. Starfskjaranefnd er kosin samkvæmt 16. gr. í sérákvæðum kjarasamnings milli Vestmannaeyjabæjar og Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar frá 1. jan. 1987 - 31. des. 1989 og annast úrlausnir minniháttar ágreiningsmála og túlkun kjarasamninga.
24. *Stjórn lífeyrissjóðs*. Einn aðalmaður og annar til vara auk bæjarstjóra, sem er formaður stjórnarinnar. Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar fer með stjórn lífeyrissjóðsins og fjárreiður hans samkvæmt reglugerð sjóðsins frá 6. desember 1968.
25. *Tómstundaráð* hefur með höndum stjórn æskulýðs- og íþróttamála svo og annarra tómstundamála. Í tómstundaráð skulu kosnir fimm aðalmenn og fimm til vara. Eigi færri en tveir þeirra skulu vera bæjarfulltrúar. Tómsunda- og íþróttafulltrúi situr fundi ráðsins. Tómsundaráð fer meðal annars með málefni skólagarða, vinnuskóla, ungmennaklúbba og íþrótt- og æskulýðsmál almennt, að svo miklu leyti sem bæjarfélagið lætur þau til sín taka. Tómsundaráð skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Nánari ákvæði um starfsemi ráðsins skal setja í sérstakri reglugerð.
26. *Stjórn íþróttamiðstöðvar*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara. Þar af tilnefni skólanefnd grunnskóla einn aðalmanng og annan til vara. Stjórn íþróttamiðstöðvar fer með rekstursstjórn íþróttamiðstöðvar bæjarins.
27. *Brunavarnanefnd*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara, auk slökkviliðsstjóra. Brunavarnanefnd er falið af bæjarstjórn að fara með brunavarnamál, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992.
28. *Jafnréttisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 13. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum vorið 1994 skal bæjarstjórn kjósa þrjá aðalfulltrúa og jafnmarga til vara í nefndir skv. 6. tölul. B og 18., 22., 25., 27. og 28. tölul. C í 62. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur sett skv. 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitur sveitarfélaga.

I. KAFLI

Stjórn vatnsveitna.

1. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélaginu.

2. gr.

Sveitarstjórn getur kosið sérstaka stjórn til að hafa umsjón með framkvæmd vatnsveitumála sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

Ákveði sveitarstjórn að kjósa sérstaka stjórn skal það gert á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Kjörtímabilið skal vera hið sama og sveitarstjórnar, nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn skal ákveða fjölda stjórnarmanna. Um fundarsköp gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 svo og ákvæði í samþykkt um stjórn og fundarsköp hlutaðeigandi sveitarfélags. Sveitarstjórn skipar formann stjórnar nema samþykktir sveitarstjórnar kveði á um annað.

3. gr.

Helstu verkefni stjórnar vatnsveitu eru þessi:

Að ákveða framkvæmd vatnsveitumála á veitusvæði vatnsveitunnar í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 8/1986, lög nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga og vatnalög nr. 15/1923 eftir því sem við á hverju sinni. Að gera tillögu að gjaldskrá vatnsveitunnar varðandi fjárhæðir gjalda, skv. 6., 7. og 8. grein laga nr. 81/1991 og III. kafla reglugerðar þessarar og leggja fyrir sveitarstjórn til ákvörðunar.

Að semja drög að fjárhagsáætlun fyrir vatnsveituna og leggja fyrir sveitarstjórn.

Að gera tillögu um ráðningu vatnsveitustjóra til sveitarstjórnar. Um ráðningu annarra starfsmanna vatnsveitunnar skal fara eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélags.

Að afgreiða beiðnir frá húseigendum, skv. 6. grein laga nr. 81/1991 svo og önnur þau erindi sem berast og varða vatnsveituna. Að setja nánari reglur um einstök framkvæmdaratriði reglugerðar þessarar eftir því sem þörf gerist og leggja fyrir sveitarstjórn.